

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 2015/830 - REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Allbäck Primer Shellac Solution

Vörunúmer:

-

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun

Grunnur, dregur úr öldrun línolímálningar.

Notkun sem ráðið er frá

Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

Sérefni ehf.

Framleiðandi:

Allbäck Linoljeprodukter AB

Síðumúla 22

Östra Balaakravägen 18

108 Reykjavík

SE-271 91 Ystad, Svíþjóð

Sími:

517 0404

00-46-411-602 02

Netfang:

serefni@serefni.isallback@allbackpaint.com

Veffang:

www.serefni.iswww.allbackpaint.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg. Sjá þó flokkunarmörk fyrir bórax í lið 3.

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki

Engin.

Viðvörunarorð

Ekkert.

Hættusetningar

Engar.

Varnaðarsetningar

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til.

EUH210

Öryggisblað er fánlegt sé um það beðið

Önnur merking;

Málningarefni, Flokkur e, Rokgjörn lífræn efni (VOC) 0 g/l (hámark 300g/l)

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Bórax og frjálisar bóratjónir sem myndast í vatnslausn, hafa við tilraunir, sýnt að þær geta haft neikvæð áhrif á frjósemi og skaðað fóstur. Þetta á sérstaklega við um inntöku og þegar húð er þurr (ísog).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Á ekki við

3.2 Blöndur:

Bórax (Dínatríumtetrabórat dekahýdrat)			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	3 - 4
Raðnúmer	005-011-01-1	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	215-540-4	H-setningar	-
CAS	1303-96-4	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.á æxl.1B - H360D (C>= 6,5%)			

Lakkkvoða (Shellac)			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	8 - 12
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	232-549-9	H-setningar	-
CAS	9000-59-3	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Vatn			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	84 - 89
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	231-791-2	H-setningar	-
CAS	7732-18-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Annað: Lakkkvoða er náttúrulegt efni, unnið úr lakkbjöllum.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærðbreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almenn viðbrögð:	Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Á ekki við þessa vöru, er mjög seigfljótandi.
Snerting við húð	Hreinsið húð með línólíusápu og vatni.
Snerting við augu	Skolið varlega með vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni séu einkenni viðvarandi.
Inntaka	Drekkið mikla mjólk. Varan hefur laxerandi áhrif. Gæti skaðað frjósemi eða fóstur.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Innöndun	Langvinn innöndun gæti skaðað frjósemi.
Snerting við húð	Getur skaðað frjósemi. Langvinn snerting getur valdið ertingu.
Snerting við augu	Getur valdið skammvinnri ertingu.
Inntaka	Getur skaðað frjósemi eða fóstur.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Aðgangur að vatni til augnaskolunar sé til staðar.
Við inntöku vörunnar í litlu magni er einungis nauðsynlegt að fylgjast með sjúklingi, nemi inntakan amk 4 grömmum af hreinu bóraxi eða um 100 cl af vörunni. Framkallið uppköst eða framkvæmið magadælingu innan 4 klst, ef inntakan nemur 100 cl eða meir. Inntaka mikils magns getur valdið nýrnabilun og krefst blóðskila. Bórstyrkur í blóði eða þvagi er ekki mælikvarði á inntöku bórax.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Froða sem inniheldur efni skaðleg umhverfinu.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Bórsambönd letja bruna.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Hreinsið húð og fatnað með vatni eftir upphreinsunarvinnu.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði með vatni. Varan brotnar greiðlega niður.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist alla óþarfa losun.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örug geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á þurrum, vel loftræstum stað. Geymist þar sem börn ná ekki til.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	
Bórax	-	5	-		WEL

Bórax					
Notkunarvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	6,7	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	316,4	mg/kg
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	3,4	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	0,79	mg/kg
	Umhverfi, sjór		PNEC	2,9	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	2,9	mg/l
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	5,7	mg/kg/þurt

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum (EN 689, EN14042, EN 682).

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar	
Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn sé efninu úðað. (EN166)
Húð - hendur-langvinn notkun	Notið efnahelda hanska úr PVC, bútýl- eða nítrílgúmmí) (0,7 mm, >480 mín) (EN 374). Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska. Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Húð - annað	Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.
Öndunarfæri	Sé loftræsting ófullnægjandi eða við úðun, notið öndunargrímu með agnasíu af gerð P2 og síu B.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:	
Eðlisástand:	Seigfljótandi vökvi
Lykt:	Væg
Litur:	Ljósbrúnn
Bræðslumark:	0°C
Suðumark:	100°C
Eðlismassi við 20°C:	1 g/cm³
Leysanleiki:	Lakkkvoða er nánast óleysanleg í vatni og leysist aðeins sé bórax til staðar (leysni bórax 50 g/l). Leystist að takmörkuðu leyti í lífrænum leysum, t.d. etanóli, en ekki er mælt með því.
Rokgjörn lífræn efni (VOC):	0 g/l

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:	Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.
10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:	Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.
10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:	Engin þekkt við ætlaða notkun.
10.4 Skilyrði sem ber að varast:	Geymið ekki yfir herbergishita.
10.5 Ósamrýmanleg efni:	Oxarar, sterkar sýrur og basar.
10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:	Engin þekkt.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:	
Innöndun	Bórsambönd valda ertingu í öndunarvegi. Innöndun er ólíkleg vegnaeðlisástands vörunnar. Langvinn innöndun bórsambanda getur skaðað frjósemi og fóstur.
Snerting við húð	Bórsambönd hafa lítil eiturhrif í snertingu við húð, og ísog er takmarkað. Þau valda ekki ertingu.
Snerting við augu	Bórax getur valdið augnertingu, en sakir lágs styrks í vörunni, er það ólíklegt.
Inntaka	Langvinn inntaka bórsambanda getur skaðað frjósemi og fóstur.

Bórax					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	4000-6000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD ₅₀	2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC ₅₀	2	mg/l/4 klst	rotta	
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt			
Eitrun æxlunarfæra		Sjá að ofan			
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			
Áhrif á marklíffæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Neikvætt			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

- 12.1 Eiturhrif:** Forðist losun í niðurföll, grunnvatn og jarðveg. Varan er ekki talin hafa nein neikvæð langtímaáhrif á lífríki eða umhverfið. Bór er nauðsynlegur jurtum. Taflan að neðan gildir fyrir bórax. Margfaldið magn með 0,1134 til að umreikna í bórgildi.

Bórax					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	74 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	133 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC ₅₀	40 mg/l	72 klst	Þörungur	

- 12.2 Þrávirkni og niðurbrot:** Lakkkvoða brotnar afar hægt niður. Niðurbrot á ekki við um ólífrænt efni eins og Bórax, sem klofnar og myndar bórsýru.

- 12.3 Uppsöfnun í lífverum:** Safnast ekki upp í lífverum.

- 12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:** Bóröt eru vatnsleysanleg og aðsogast ekki þétt í jarðveg eða set. Log Pow: -0,757 við 25°C. Unnt er að skola þau úr dæmigerðum jarðvegi.

- 12.5 PBT/VPvB:** Á ekki við.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

- Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
- Skv. reglugerð 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
- 08 01 11 (Úrgangsmálning og -lökk sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni.)
- 08 01 13 (Eðja úr málningu eða lakki sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni.)
- 08 01 17 (Úrgangur sem fellur til við fjarlægingu á málningu eða lakki og í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni.)
- Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir. Flokkun: 15 01 04 / 15 01 07 / 20 01 40 / 20 01 02.

14. Upplýsingar um flutninga

- ADR:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
- IMDG:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
- IATA:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 2015/830 (REACH), 1272/2008 (CLP). Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

Bórax er á lista REACH í viðauka XV. Upplýsingar skal gefa í aðfangakeðju, fari styrkur yfir 0,1%. Þunguðum konum er ráðið frá vinnu með vöruna.

- 15.2 Efnaöryggismat:** Á ekki við.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H360D

Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði

Útgáfa/Dags:

1/13.04.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

Allbäck Linoljeprodukter AB

SAFETY DATA SHEET

Primer Shellac Solution

Útgáfa:

27-03-2015